

Úthlutunarreglur Menningarsjóðs Borgarbyggðar

1. gr. Markmið sjóðsins

Markmið Menningarsjóðs Borgarbyggðar er á að styðja fjárhagslega verkefni sem efla og auðga menningarlíf í héraðinu sem og þau verkefni sem eru líkleg til þess að vekja almenna athygli á menningarstarfsemi innan sveitarfélagsins.

2. gr. Stjórn sjóðsins

Byggðarráð Borgarbyggðar tilnefnir fimm aðila í stjórn sjóðsins og skal starfstímabil stjórnar vera tvö ár.

3. gr. Fjármögnun sjóðsins

Menningarsjóður Borgarbyggðar er fjármagnaður með fjárframlögum Borgarbyggðar til sjóðsins skv. fjárhagsáætlun sveitarfélagsins ár hvert, vöxtum af höfuðstól sjóðsins, styrkjum, áheitum, minningargjöfum og öðrum gjöfum til menningarmála sem renna til sjóðsins.

4. gr. Úthlutanir styrkja

Úthlutanir styrkja úr sjóðnum fara fram tvisvar ár hvert. Fyrri úthlutunin skal fara fram fyrir þann 1. maí og hin síðari fyrir þann 1. október.

5. gr. Val á styrkþegum

Stjórn Menningarsjóðs Borgarbyggðar tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli fyrirbyggjandi umsókna og samkvæmt markmiðum sjóðsins. Áskilinn er réttur til að samþykkja eða hafna hvaða umsókn sem er.

6. gr. Umsækjendur

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Borgarbyggð. Á umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um umsækjanda og hvort sótt hafi verið um aðra styrki.

7. gr. Skil umsókna

Umsóknum skal skilað í tvíriti á skrifstofu Borgarbyggðar á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á skrifstofu Borgarbyggðar og á vefsíðu sveitarfélagsins. Sundurliðuð kostnaðaráætlun skal fylgja hverri umsókn. Með umsókn skal jafnframt fylgja verkáætlun þar sem fram kemur umfang og tími verkefnis. Farið verður með allar umsóknir og fylgigögn þeirra sem trúnaðarmál.

8. gr. Útborgun styrkja

Styrkir eru greiddir út í einu lagi inn á þann bankareikning sem kemur fram í umsókn.

9. gr. Kynning á verkefnum

Eftir hverja úthlutun skal yfirlit yfir þau verkefni sem hafa fengið úthlutað úr sjóðnum, kynnt fyrir byggðarráði og birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

10. gr. Skýrslur um nýtingu styrkja

Allir styrkþegar skulu að skila inn skýrslu um framgang og lok verkefnis fyrir lok þess árs sem styrkveiting á sér stað.

11. gr. Endurgreiðsla styrks

Hafi styrkur verið greiddur til verkefnis en af framkvæmd þess hafi síðan ekki orðið samkvæmt þeim upplýsingum sem sjóðsstjórn aflar, ber styrkþega að endurgreiða hann.

Samþykkt á fundi byggðarráðs Borgarbyggðar þann 23.02. 2017

